

Ár 2007, þriðjudaginn 5. júní, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Þingholtsstræti 33, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Mál nr. 7/2006:
Goði Gunnarsson
gegn
Nikita ehf.
vegna ákvörðunar Einkaleyfa-
stofunnar, dags. 22. maí 2006,
um að fella skráningu
vörumerkisins NIKITA (orð- og
myndmerki) úr gildi.

Kveðinn var upp svofelldur

ú r s k u r ð u r:

Deilt er um hvort áfrýjun í máli þessu, dags. 19. júlí 2006, uppfylli formkröfur 1. mgr. 63. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.), sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar nr. 41/2000, með síðari breytingum.

Óumdeilt er að iðnaðarráðuneytinu barst erindi frá áfrýjanda, dags. 19. júlí 2006, innan lögboðins áfrýjunarfrests, sbr. 1. mgr. 63. gr. vml. Ekki kom skýrt fram að um áfrýjun væri að ræða þótt ljóst væri að það varðaði ágreining um vörumerki. Ráðuneytið leitaði því upplýsinga hjá Einkaleyfastofu um efni þess og ákvað á grundvelli upplýsinga frá stofnuninni að upplýsa áfrýjanda með bréfi, dags. 8. september 2006, að áfrýjunargjald hefði átt að fylgja með áfrýjuninni, sbr. 1. mgr. 63. gr. vml., og fór fram á að það yrði greitt án tafar ef áfrýjandi vildi að málið færi til áfrýjunarnefndar. Gjaldið barst ráðuneytinu í framhaldi af þeim samskiptum og upphaflegt erindi áfrýjanda var framsent nefndinni til meðferðar með bréfi, dags. 16. október 2006.

Í ákvæði 1. mgr. 63. gr. vml. er skýrt kveðið á um að áfrýjunargjald skuli berast innan tveggja mánaða frá ákvörðun Einkaleyfastofunnar og ef það berst ekki innan tilskilins

frests skuli vísa málinu frá. Vísað var í þetta ákvæði vörumerkjalaga í bréfi Einkaleyfastofunnar til aðila, dags. 22. maí 2006. Þegar af þeirri ástæðu er það niðurstaða nefndarinnar að vísa skuli máli þessu frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Áfrýjunarmáli nr. 7/2006 er vísað frá nefndinni.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafðís Ólafsdóttir aðjúnkt og Steingrímur Gautur Kristjánsson hrl.

Málavextir:

Þann 19. júlí 2006 sendi áfrýjandi iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti svohljóðandi símbréf:

Hér með staðfestast andmæli gegn ákvörðun Einkaleyfastofunnar gagnvart vörumerkinu NIKITA 855/2005 í flokki 41 og einnig er farið fram á að vörumerkið fái að halda á þeim forsendum að algeng nöfn geti verið í ólíkum flokkum og að um ólíka starfsemi er um að ræða sem forsendur Einkaleyfastofunnar fari fram á niðurfellingu merkis.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið framsendi bréfið til Einkaleyfastofunnar með bréfi, dags. 28. ágúst 2006. Þar sagði m.a.:

Hjálagt erindi, dags. 19. júlí sl., var bókað inn í ráðuneytið 21. sama mánaðar og snertir það vörumerkið NIKITA. Ekki kemur fram í gögnum ráðuneytisins hvort það hafi verið framsent Einkaleyfastofunni óformlega. Þá er ráðuneytinu ekki ljóst hvert sé eðli þess. E.t.v. getur Einkaleyfastofan upplýst um það.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 2006, svaraði Einkaleyfastofan (ELS) ofangreindu bréfi ráðuneytisins. Þar sagði m.a.:

Hinn 8. ágúst 2005 lagði Goði Gunnarsson, Po Box 12100, 132 Reykjavík, inn umsókn um skráningu vörumerkisins NIKITA (orð- og myndmerki), sbr. umsókn nr. 2035/2005. Óskað var skráningar fyrir fræðslu, þjálfun, skemmtistarfsemi, íþróttar- og menningarstarfsemi í flokki 41. Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum hinn 15. október 2005, sbr. 855/2005.

Skráningu merkisins var andmælt af Nikita ehf., Skipholti 25, 105 Reykjavík. Einkaleyfastofan kvað upp úrskurð í málinu 22. maí sl., þar sem skráning merkisins, NIKITA (orð- og myndmerki), nr. 855/2005 var felld úr gildi.

Eiganda merkisins, Goða Gunnarssyni, var tilkynnt niðurstaða Einkaleyfastofunnar, með bréfi, dags. 22. ágúst 2006 og var honum þá jafnframt bent á að unnt væri að bera ákvarðanir Einkaleyfastofunnar undir Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Einkaleyfastofan að Goði Gunnarsson, hafi með bréfi, dags. 19. júlí sl., verið að áfrýja framangreindri ákvörðun Einkaleyfastofunnar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið sendi áfrýjanda bréf, dags. 8. september 2006, þar sem sagði m.a.:

Hinn 19. júlí sl. senduð þér erindi í faxi frá pósthúsi í Tékklandi til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis sem bókað var inn í ráðuneytið 21. sama mánaðar. Ekki var ljóst nákvæmlega af efni hins stutturda símbréfs að um væri að ræða áfrýjun gegn ákvörðun Einkaleyfastofunnar varðandi vörumerkið NIKITA, þ.e. ákvörðun frá 21. maí sl.

Sökum sumarleyfa í ráðuneytinu var ekki strax farið fram á það við Einkaleyfastofu að hún útskýrði hvers konar erindi væri á ferðinni. Það gerði hún hins vegar með hjálögðu bréfi, dags. 31. ágúst sl., og taldi að um áfrýjun á framangreindri ákvörðun Einkaleyfastofunnar væri m.ö.o. að ræða.

Engin greiðsla á áfrýjunargjaldi barst ráðuneytinu, þ.e. 80.000 kr., en slíkt er tilskilið skv. vörumerkjalögum. Í 63. gr. laganna segir: [...] Er það þá í verkahring áfrýjunarnefndarinnar að taka ákvörðunina um frávísun á grundvelli framangreindrar greinar í lögnum. Skv. 65. gr. sömu laga hefur ráðherra heimild til að setja nánari reglur um gjöld fyrir áfrýjun og hefur það verið gert.

Ef þér hefðuð afhent áfrýjunina ráðuneytinu á framangreindum tíma hefðuð þér getað skýrt að um væri að ræða áfrýjun og þá hefði ráðuneytið upplýst að greiða þyrfti áfrýjunargjald innan frestsins, í síðasta lagi 21. júlí, vegna framangreindra ákvæða vörumerkjalaga. Á þessu stigi vill ráðuneytið spyrjast fyrir um það hvort þér hafið hug á að áfrýja en þá þyrfti að greiða gjaldið án tafar til ráðuneytisins með skýringu. Fyrr færi málið ekki áfram til áfrýjunarnefndar. Þótt yður sé hér með gefinn kostur á að greiða áfrýjunargjaldið með hliðsjón af framangreindri atburðarás getur ráðuneytið ekki ábyrgst hvaða niðurstöðu áfrýjunarnefndin muni komast, hvort hún muni vísa málinu frá eða taka það til efnismeðferðar. [...]

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið framsendi málið til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags.

16. október 2006. Þar sagði m.a. að ekki hafi þegar í stað af hálfu ráðuneytisins verið leitað staðfestingar á því hjá ELS að um áfrýjun væri að ræða á ákvörðun stofnunarinnar og kallað eftir greiðslu um leið. Úr því hefði hins vegar verið bætt svo sem sjá mætti í gögnum málsins. Áfrýjandi hefði nú greitt áfrýjunargjaldið, 80.000 kr., en jafnframt hefði honum verið bent á að áfrýjunarnefnd tæki ákvörðun um hvort rétt væri staðið að greiðslu með hliðsjón af lögum, reglugerðum og málavöxtum. Ráðuneytið óskaði því þess að nefndin tæki ákvörðunina til meðferðar.

Greinargerð áfrýjanda barst með bréfi, dags. 22. desember 2006 og var hún framsend réttum varnaraðila með bréfi, dags. 16. janúar 2007, en fram að þeim tíma hafði Einkaleyfastofan verið talin varnaraðili.

Með bréfi, dags. 1. mars 2007, sendi varnaraðili áfrýjunarnefnd greinargerð í málinu, þar sem meðferð áfrýjunarinnar var gagnrýnd með vísan til 63. gr. vml. og 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um málshraða þar sem meðferð þess hefði þegar tekið á áttunda mánuð fyrir nefndinni. Jafnframt var farið fram á að áfrýjunarnefndin úrskurðaði um lögmati áfrýjunarinnar, dags. 19. júlí 2006, með eftirfarandi rökum:

Ljóst er að 63. gr vörumerkjalaganna nr. 45/1997 er skýr þegar kemur að kröfum sem gerðar eru til áfrýjunar á ákvörðunum Einkaleyfastofunnar til æðra stjórnvalds. Í ákvæðinu segir að áfrýja þurfi innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun Einkaleyfastofu var tekin.

Ákvörðunin í máli umbjóðanda okkar var tekin þann 22. maí og rann áfrýjunarfrestur því út þann 22. júlí. Óumdeilt er að erindi barst frá áfrýjanda innan þess tímaramma en hins vegar teljum við að afar mikið hafi skort á að formkröfum hafi verið fullnægt, eins og þær koma fram í vörumerkjalogunum og reglugerð um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda nr. 41/2000 sbr. síðari breytingar. Þá má benda á að þótt stjórnslulögin setji ekki fram sérstakar kröfur um form stjórnsýslukæru þá ganga sérlög, eins og lög um vörumerki og reglugerð sett með stöð í þeim, sem innihalda slíkar formreglur framur ákvæðum stjórnsýslulaganna nr. 37/1993.

3. gr. reglugerðar um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar nr. 41/2000 er til fyllingar ákvæði 63. gr. vörumerkjaloganna en þar segir að áfrýjun skuli vera skrifleg og í fjórriti. Ljóst er að erindi áfrýjanda barst aðeins í einriti og ekki hefur verið sýnt fram á að aðilinn hafi síðar sent önnur afrit af erindinu. Það er því okkar mat að skilyrðum 3. gr. reglugerðarinnar hafi ekki verið fullnægt.

Þá tekur 4. gr. reglugerðarinnar fram aðrar þær kröfur sem gerðar eru til áfrýjunar ákvarðana Einkaleyfastofu. Þar kemur fram að í áfrýjun skuli tilgreina þá ákvörðun sem verið er að áfrýja, kröfur sem áfrýjandi gerir og helstu málsástæður hans. Efni erindis aðilans var vægast sagt óskýrt og jafnvel óskiljanlegt enda sýndi það sig með því að iðnaðarráðuneytið, sem móttakandi áfrýjunarinnar, þurfti að leita álits og mats frá Einkaleyfastofunni um það hvers konar erindi væri um að ræða. Hvergi kemur þar fram orðið áfrýjun né heldur kemur fram til hvaða ákvörðunar verið er að vísa. Af ofangreindu teljum við það ljóst að erindi aðilans fullnægði ekki kröfum í 4. gr. reglugerðar nr. 41/2000.

Aðili málsins hefur heldur ekki sýnt fram á að afsakanlegar ástæður hafi legið fyrir því að erindi hans uppfyllti ekki skilyrði laga og reglugerðar og því virðist ekki vera ástæða til þess að meðhöndla erindi hans á sérstakan hátt, jafnvel þótt um einstakling sé að ræða. Öllum borgurum er mögulegt að kynna sér lög og reglur sem gilda hér á landi. Því er þó ekki að neita að sérstök sjónarmið geti átt við um einstaklinga sem ekki hafa lögfræðilega aðstoð í stjórnsýslumálum en teljum að gengið sé nokkuð langt í slíku viðhorfi, lagaákvæði í engu virt og þannig gerðar afskaplega litlar kröfur til borgarans. Slík meðferð leiðir til þess að borgarar geti skilað til stjórnvalda skjölum og gögnum sem uppfylla engin formskilyrði og eru harla ólæsileg og óskýr en samt fengið erindi sitt afgreitt. Með þetta að leiðarljósi ættu skráðar formreglur eins og í vörumerkjalogum og áður nefndri reglugerð að vera alls óþarfar. Auk áður nefndra formgalla teljum við annan mikilverkandi galla hafa verið á málsmeðferð en það er dráttur aðilans á greiðslu áfrýjunargjalds sbr. 36. gr. vörumerkjaloganna og 5. gr. reglugerðar nr. 41/2000 sbr. síðari breytingar.

Í 63. gr. vörumerkjaloganna og 5. gr. reglugerðar um áfrýjunarnefnd segir skýrlega að berist greiðsla ekki innan tilskilins frests skuli vísa áfrýjuninni frá. Í 5. gr. reglugerðarinnar er að finna sömu reglu en þær gera ekki ráð fyrir neinu mati af hálfu nefndarinnar heldur segja beinlínis að áfrýjunarnefndin skuli vísa áfrýjuninni frá. Ekkert kemur fram um heimild hennar til að taka tillit til sérstakra atriða eða forsendna í hverju tilviki fyrir sig.

Í gögnum málsins er að finna bréf frá Iðnaðarráðuneytinu þar sem aðila er tilkynnt að ekki hafi borist greiðsla áfrýjunargjalda og honum boðið að greiða síðar, þ.e. innan tiltekins tímaramma. Reglugerð nr. 41/2000 ásamt síðari breytingum heimilar ekki frestveitingu heldur þvert á móti segir í ákvæðunum að áfrýjunargjald skuli vera greitt við áfrýjun og ekki síðar. Með þessu virðist markmið ákvæðisins vera að koma í veg fyrir fjölda áfrýjana frá aðilum sem ekki hafa fullan hug á að halda málum sínum áfram fyrir stjórnvöldum.

Við teljum undanþágur á greiðslu áfrýjunargjalda og meðferð stjórnvalda á formgalla brjóta í bága við 63. gr. vörumerkjaloganna og 5. gr. reglugerðar nr. 41/2000 ásamt síðari breytingum. Að auki má benda á að í ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 22. maí 2006, sem send var báðum aðilum, kom skýrlega fram að greiða þyrfti áfrýjunargjald við áfrýjun, en ekki síðar. Við teljum því ekki edlilegt að áfrýjanda sé veittur frestur til greiðslu gjaldanna,

Þvert á lög og reglur auk þess sem frestveiting þessi og liðsinni við áfrýjandann er gerð á kostnað annars aðila, gagnaðilans.

Með bréfi, dags. 12. apríl 2007, ítrekaði varnaraðili afstöðu sína um að áfrýjunarnefnd bæri að taka afstöðu til formhliðar málsins áður en afstaða yrði tekin til efnislegra þátta þess, , sbr. 2. mgr. 5. gr. rgl. nr. 41/2000.

Athugasemdir áfrýjanda við beiðni varnaraðila um að nefndin tæki fyrst afstöðu til formhliðar málsins bárust með bréfi, dags. 30. apríl 2007. Þar sagði að áfrýjun og greiðsla áfrýjunargjalds hefðu borist á réttum tíma miðað við útgáfu reiknings og því ætti málið að fá efnislega meðferð.

Með bréfi, dags. 18. maí 2007, tilkynnti áfrýjunarnefnd síðan aðilum að formhlið málsins yrði tekin til meðferðar innan skamms.

Nefndin tók málið til úrskurðar á fundi sínum þann 24. maí 2007.

Rán Tryggvadóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Steingrímur Gautur Kristjánsson

Rétt endurrit staðfestir: